



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# Ný rammatilskipun Evrópusambandsins um úrgang

Lúðvík E. Gústafsson  
verkefnisstjóri

# Tilskipunin



**Tók gildi 12. desember 2008 og er skráð sem 2008/98/EB**

**Leysir af hólmi 3 eldri tilskipanir**

- **2006/12/EB um úrgang sem er að grunni frá 1975**
- **91/689/EB um spilliefni**
- **75/439/EB um olíuúrgang**

**Er sett af Evrópuþingi og ráðherraráði ESB**

# Efnisyfirlit



49 ástæður og forsendur fyrir útgáfu

Kafli 1 Innihald, gildissvið og skilgreiningar

Kafli 2 Almenn ákvæði

Kafli 3 Úrgangsstjórnun

Kafli 4 Starfsleyfi og skráningar

Kafli 5 Áætlanir

Kafli 6 Eftirlit og skráarhald

Kafli 7 Lokaákvæði

**Viðauki I:** Förgunaraðferðir, **Viðauki II:** Endurnýtingaraðferðir, **Viðauki III:** Eiginleikar úrgangs sem skera úr um hvort hann sé hættulegur, **Viðauki IV:** Dæmi um aðgerðir sem vitnað er til í grein 29, til að draga úr myndun úrgangs, **Viðauki V:** Samanburðarlisti greina á milli tilskipana 2006/12/EB, 75/439/EB, 91/689/EB og 2008/98/EB

# Úr ástæðum og forsendum



- 6) Megintilgangur sérhverrar stefnu um meðhöndlunar úrgangs ætti að vera að draga úr neikvæðum áhrifum myndunar og meðhöndlunar úrgangs á heilsu fólks og umhverfið.
- 7) Að draga úr myndun úrgangs á að vera forgangsverkefni úrgangsmeðhöndlunar. Næst í röðinni kemur endurnotkun og efnisendurvinnsla er æskilegri en orkunýting að því gefnu að hún sé besta lausnin fyrir vistkerfi.
- 25) Kostnaður vegna myndunar og meðhöndlunar úrgangs endurspegli álag þessara þátta á umhverfið.
- 28) Tilskipun þessi hefur m.a. þann tilgang að færa ESB nær því að verða endurvinnslusamfélag.
- 42) Hagrænir hvatar geta skipt sköpum þegar kemur að því að draga úr myndun úrgangs og að auka endurvinnslu.

# Efni tilskipunarinnar 1



**Grein 1** Innihald tilskipunar og gildissvið

**Grein 2** Undanþágur

**Grein 3** Skilgreiningar

**Grein 4** Skipan úrgangsmeðhöndlunar

**1. mgr.** : Skipan úrgangsmeðhöndlunar - forgangsröð:

a) draga úr myndun úrgangs, b) endurnota, c) endurvinna, d) endurnýta, svo sem orkunýting, e) farga

**2. mgr.** : **Aðildarríki skulu grípa til aðgerða** sem hvetja menn til að velja þær leiðir sem skila mestum umhverfislegum ávinningi. Getur haft í för með sér að einstakar tegundir úrgangs meðhöndlast öðruvísi en skv. forgangsröðun, með beitingu lífsferilshugsunar.

Mótun úrgangslaga og stefnumótun fyrir stjórnun úrgangs **skal vera** gegnsæ og með hliðsjón af fyrirliggjandi reglum um þátttöku almennings og hagsmunaaðila ef til eru.

**Tekið skal** mið af varúðarreglu og sjálfbærni, tæknilegum og fjárhagslegum möguleikum. Verja auðlindir og vernda umhverfið, heilsu manna, hafa í huga félagsleg og fjárhagsleg áhrif lagasetningar.

# Efni tilskipunarinnar 2



- Grein 5** Aukaafurðir
- Grein 6** Hvenær er úrgangur ekki lengur úrgangur
- Grein 7** Úrgangslisti
- Grein 8** Útvíkkuð framleiðendaábyrgð
- Grein 9** Að draga úr myndun úrgangs – ástandsskýrslur framkvæmdastjórnar
- Grein 10** Endurnýting
- Grein 11** Endurnotkun og endurvinnsla
- Grein 12** Förgun
- Grein 13** Aðildarríki **skulu stjórna** úrgangsmeðhöndlun þannig að ekki sé hætt á heilsutjóni og umhverfisryrnun, að loft, vatn og jarðvegur **séu ekki menguð**, að dýr og plöntur **verði ekki fyrir skaða**, að úrgangsstjórnun **valdi ekki** hávaða og ólykt og sveitir og sérstakir staðir **verði ekki** fyrir neikvæðum áhrifum.

# Efni tilskipunarinnar 3



## Grein 14 Kostnaður

Í samræmi við mengunarbótareglu, **skal kostnaður úrgangsstjórnunar greiddur** af þeim sem framleiðir úrgang eða sá sem er núverandi eða fyrrverandi úrgangshafi

Aðildarríki **mega ákveða** að kostnaður úrgangsstjórnunar verði greiddur að fullu eða að hluta til af framleiðanda vöru sem verður síðar að úrgangi og að dreifiaðilar taki á sig hluta af kostnaði.

## Grein 15 Ábyrgð úrgangsstjórnunar

1. mgr.: Aðildarríki **skulu tryggja** að úrgangsstjórnun sé framkvæmd af þeim sem myndar úrgang eða er úrgangshafi, eða af einhverjum aðila sem hann tilnefnir....

2. mgr.: Sem almenn regla **skal ábyrgð á endurnýtingu eða förgun ekki enda** með framsali framkvæmdar frá upphaflega úrgangsframleiðanda...

3. mgr. Aðildarríki **mega ákveða** að framleiðandi vöru sem síðar verður að úrgangi beri alla ábyrgð eða að hluta til, á úrgangsstjórnun og að dreifiaðilar beri einnig hluta ábyrgðar í úrgangsstjórnun...

# Efni tilskipunarinnar 4



**Grein 16** Reglur um sjálfsnægtir og nálægð

**Grein 17** Eftirlit með spilliefnum

**Grein 18** Bann við blöndun spilliefna

**Grein 19** Merking spilliefna

**Grein 20** Spilliefni frá heimilum

**Grein 21** Úrgangsolía

**Grein 22** Lífúrgangur

Aðildarríki **skulu grípa** til aðgerða til að örva sérsöfnun lífúrgangs fyrir jarðgerð eða gasvinnslu (digestion), meðhöndlun lífúrgangs sem hefur í för með sér mikla umhverfisvernd, og að örugg efni úr vinnsluferlum lífúrgangs verði notuð. Framkvæmdastjórnin á að láta fara fram mat á stjórnun lífúrgangs, e.t.v. tillögu um tilskipun. Kanna á möguleika að setja lágmarkskröfur fyrir meðhöndlun lífúrgangs og gæðakröfur fyrir moltu (kompost) og meltu.

**Grein 23** Starfsleyfi

**Grein 24** Undanþágur frá starfsleyfi

**Grein 25** Skilyrði fyrir undanþágur

**Grein 26** Skráning þeirra sem meðhöndla úrgang og þurfa ekki starfsleyfi

# Efni tilskipunarinnar 5



- Grein 27** Tæknilegar lágmarkskröfur
- Grein 28** Áætlanir um úrgangsstjórnun
- Grein 29** Aðgerðaráætlanir til að draga úr myndun úrgangs  
1. mgr.: Aðildarríki **skulu setja upp** aðgerðaráætlun um hvernig megi draga úr myndun úrgangs fyrir 12. 12. 2013...
- Grein 30** Mat og endurskoðun á áætlunum
- Grein 31** Þátttaka almennings  
1. mgr.: Aðildarríki **skulu tryggja** að hagsmunaðilar, stofnanir og almenningur komi að gerð áætlana
- Grein 32** Samvinna milli aðildarríkja um áætlanagerð
- Grein 33** Upplýsingagjöf til framkvæmdastjórnarinnar
- Grein 34** Eftirlit
- Grein 35** Skráahald

# Efni tilskipunarinnar 6



- Grein 36** Eftirfylgni og viðurlög
- Grein 37** Skýrslugerð og endurskoðun
- Grein 38** Túlkun og aðlögun að tækniframförum
- Grein 39** Aðstoðarnefnd
- Grein 40** Innleiðing tilskipunarinnar
- Grein 41** Niðurfelling eldri tilskipanna og ákvæði til að brúa millibilsástand
- Grein 42** Gildistaka
- Grein 43** Tilskipunin er stíluð á aðildaríkin og undirskriftir

# Til athugunar við innleiðingu



1. Að draga úr álagi á umhverfið: fækka urðunarstöðum, leggja áherslu á að úrgangur verði skaðlaus á líftíma einnar kynslóðar.
1. Hvernig á að nota lífsferilshugsun? Taka tillit til íslenskra aðstæðna.
2. Tækniröfur í meðhöndlun úrgangs taki mið af aðstæðum á hverjum stað.
3. Kostnaður við meðhöndlun úrgangs verði ekki greiddur úr samfélagssjóðum heldur af þeim sem valda úrgangi og eru úrgangshafar

# Til athugunar við innleiðingu



5. Hlutverk þeirra aðila sem koma að meðhöndlun úrgangs verði með skýrum hætti. Tekið verði fullt tillit til ákvæða í greinum 8 og 15.
6. Gerð verði framtíðaráætlun um meðhöndlun lífúrgangs sem hefur hliðsjón af íslenskum aðstæðum.
7. Skilgreint verði hvaða leiðir í meðhöndlun úrgangs hafi minnst áhrif á umhverfið, miðað við mismunandi aðstæður á Íslandi.